

LÖG

um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins utan lögsögu ríkja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja til lengri og skemmri tíma með skilvirkri framkvæmd hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna og undirsamninga hans, sér í lagi samningsins undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsemi sem lýtur íslenskri lögsögu eða stjórn á svæðum utan lögsögu ríkja, eins og leiðir af samningnum undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja og að því leyti sem það stangast ekki á við lögsögu annars ríkis.

Lög þessi gilda ekki um starfsemi Landhelgisgæslu Íslands nema ákvæði I. og II. kafla. Ákvæði II. kafla eiga við um:

- starfsemi skipa, loftfara, annarra farartækja, mannvirkja eða annars sem lýtur íslenskri lögsögu og varðar söfnun og nýtingu erfðaauðlinda sjávar utan lögsögu ríkja, sem og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sem verða til á grundvelli slíkrar söfnunar og nýtingar,
- nýtingu erfðaauðlinda sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja, eða stafrænna raðupplýsinga um slíkar erfðaauðlindir, sem fer fram innan íslenskrar lögsögu,
- erfðaauðlindir sjávar sem safnað er á svæðum utan lögsögu ríkja og varðveittar eru á gagna- eða sýnasöfnum á Íslandi, þ.m.t. á opinberum gagna- eða sýnasöfnum, sem og stafrænar raðupplýsingar um slíkar erfðaauðlindir sem hlaðið er upp í gagnagrunn sem hýstur er á Íslandi eða lýtur íslenskri lögsögu.

Ákvæði II. kafla eiga ekki við um:

- a. fiskveiðar og starfsemi tengda fiskveiðum,
- b. fisk eða aðrar lifandi sjávarauðlindir sem aflað er við fiskveiðar og fiskveiðitengda starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja nema slíkur fiskur eða aðrar lifandi sjávarauðlindir heyri undir reglur um nýtingu skv. 8. gr.

Ákvæði III. kafla eiga við um starfsemi skipa, loftfara og annarra farartækja, mannvirkja eða annars sem lýtur íslenskri lögsögu eða stjórn á svæðum þar sem svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði eða neyðarráðstafanir, eru í gildi samkvæmt ákvæðum kaflans.

Ákvæði IV. kafla eiga við um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja sem lýtur íslenskri lögsögu eða stjórn, sem og um reglubundið eftirlit og eftirfylgni með starfsemi sem íslensk stjórnvöld veita leyfi fyrir.

Ákvæði IV. kafla eiga einnig við um starfsemi innan íslenskrar mengunarlögsögu sem talin er geta valdið verulegri mengun eða umtalsverðum og skaðlegum breytingum á umhverfi hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, að því marki sem slík starfsemi heyrir ekki þegar undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Ábyrgðaraðili nýtingar*: Einstaklingur sem ber meginábyrgð á nýtingu erfðaauðlinda sjávar sem safnað er á svæðum utan lögsögu ríkja eða stafrænum raðupplýsingum um slíkar erfðaauðlindir.
2. *Ábyrgðaraðili söfnunar*: Einstaklingur sem ber meginábyrgð á vísindalegum eða tæknilegum þáttum söfnunar sem heyrir undir þessi lög.
3. *Erfðaauðlindir sjávar*: Hvers kyns efni úr sjávargróðri, -dýrum og -örverum eða efni af öðrum uppruna sem hefur að geyma virkar arfgengar einingar með raunverulegt eða mögulegt gildi.
4. *Líftækni*: Hvers konar tæknileg beiting þar sem notuð eru líffræðileg kerfi, lífverur eða úrefni þeirra til að búa til eða breyta framleiðsluvörum eða ferlum til sérstakra nota.
5. *Mat á umhverfisáhrifum*: Ferli til að greina og meta möguleg áhrif af starfsemi til að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku.
6. *Mótvægisáðgerðir*: Áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif fyrirhugaðrar starfsemi.
7. *Nefndin um aðgang og deilingu ávinnings*: Nefnd sem starfar í umboði ráðstefnu samningsaðilanna og fjallar um framkvæmd ákvæða samningsins undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja er varða aðgang og deilingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda sjávar og stafrænna raðupplýsinga um erfðaauðlindir sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja.
8. *Nýting erfðaauðlinda sjávar*: Rannsóknir og þróun á erfða- eða lífefnafræðilegri samsetningu erfðaauðlinda sjávar, þ.m.t. beiting líftækni.
9. *Opinbert gagna- eða sýnasafn*: Gagna- eða sýnasafn erfðaefnis, t.d. genabanki eða lífsýnasafn, sem hið opinbera rekur eða hefur verið falið það hlutverk á grundvelli þjónustusamnings við hið opinbera og er almenningi aðgengilegt að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

10. *Ráðstefna samningsaðilanna*: Þing þeirra ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu sem aðild eiga að samningnum undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, og starfar samkvæmt ákvæðum þess samnings.
11. *Samlegðaráhrif*: Samanlögð og stigvaxandi áhrif af mismunandi starfsemi í hafi, þ.m.t. af þekktri fyrri og núverandi og nokkuð fyrirsjáanlegri starfsemi, eða af endurtekinni svipaðri starfsemi til lengri tíma, og afleiðingar loftslagsbreytinga, súrnunar sjávar og tengdra áhrifa.
12. *Sjálfbær nýting*: Notkun efnisþátta líffræðilegrar fjölbreytni á þann hátt og í þeim mæli sem leiðir ekki til langvarandi hnignunar á líffræðilegri fjölbreytni þannig að viðhaldið sé möguleikum til að uppfylla þarfir og væntingar núverandi og komandi kynslóða.
13. *Staðlað BBNJ-lotuauðkenni*: Auðkenni sem upplýsingamiðlunarkerfið útbýr sjálfvirk fyrir hverja söfnun sem tilkynnt er skv. 6. gr.
14. *Svæðisbundið stjórnnarúrræði*: Úrræði, þ.m.t. verndað hafsvæði, fyrir landfræðilega afmarkað svæði þar sem einum eða fleiri geirum eða starfsemi er stjórnað í þeim tilgangi að ná fram sérstökum markmiðum um verndun og sjálfbæra nýtingu í samræmi við samninginn undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.
15. *Söfnun*: Söfnun erfðaauðlinda sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja eða sýnataka úr þeim.
16. *Upplýsingamiðlunarkerfið*: Stafrænt kerfi með opinni miðlægri gátt þar sem upplýsingar er varða framkvæmd samningsins undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja eru tilkynntar og gerðar aðgengilegar.
17. *Verndað hafsvæði*: Landfræðilega skilgreint hafsvæði sem er afmarkað og stjórnað til að ná sérstökum langtímamarkmiðum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sem getur borið sjálfbæra nýtingu, eftir því sem við á, að því tilskildu að það sé í samræmi við markmiðin um verndun.
18. *Vísinda- og tækninefndin*: Nefnd sem starfar í umboði ráðstefnu samningsaðilanna og veitir henni vísindalega og tæknilega ráðgjöf í samræmi við samninginn undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.

4. gr.

Meginreglur og nálganir.

Skýra skal lög þessi og reglugerðir sem á þeim byggjast, eftir því sem við á, til samræmis við þær meginreglur og nálganir sem kveðið er á um í 7. gr. samningsins undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.

II. KAFLI

Erfðaauðlindir sjávar utan lögsögu ríkja.

5. gr.

Skilyrði um nýtingu í friðsamlegum tilgangi.

Starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja skal einungis fara fram í friðsamlegum tilgangi.

6. gr.

Tilkynningarskylda vegna fyrirhugaðrar söfnunar.

Þegar söfnun er fyrirhuguð skal ábyrgðaraðili hennar sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar séu tilkynntar til upplýsingamiðlunarkerfisins eins fljótt og auðið er, eigi síðar en sex mánuðum áður en söfnun hefst:

- a. eðli og markmið söfnunarinnar, þ.m.t. allar rannsóknaráætlanir sem söfnunin er hluti af,
- b. viðfangsefni rannsóknarinnar eða, ef það er þekkt, þær erfðaauðlindir sjávar sem kanna á eða safna og tilgangurinn með söfnun slíkra auðlinda,
- c. þau landfræðilegu svæði þar sem söfnunin á að fara fram,
- d. samantekt á aðferð og tækjum sem á að nota við söfnunina, þ.m.t. heiti, rúmlestatala, tegund og flokkur skipa, vísindabúnaður og rannsóknaraðferðir sem notaðar verða,
- e. upplýsingar um önnur framlög til fyrirhugaðra stærri áætlana,
- f. fyrirhugaðar dagsetningar fyrstu komu og síðustu brottfarar rannsóknaskipa eða uppsetningar og fjarlægingar búnaðar, eftir því sem við á,
- g. heiti stofnana sem ábyrgð bera á söfnuninni og þess einstaklings eða lögaðila sem stýrir verkefninu,
- h. möguleikar vísindamanna frá öllum ríkjum, sér í lagi þróunarríkjum, til að taka þátt í verkefninu eða tengjast því,
- i. að hve miklu leyti talið er að ríki, einkum þróunarríki, sem kunna að þarfnast eða óska eftir tækniaðstoð, eigi að geta tekið þátt í eða átt fulltrúa í verkefninu,
- j. gagnastjórnunaráætlun sem útbúin er samkvæmt opnu og ábyrgu stjórnskipulagi gagna, að teknu tilliti til alþjóðlegra starfsvenja.

Ef verulegar breytingar verða á þeim upplýsingum sem tilkynntar voru til upplýsingamiðlunarkerfisins skv. 1. mgr. áður en söfnun fer fram, skulu uppfærðar upplýsingar tilkynntar innan hæfilegs tíma og eigi síðar en við upphaf söfnunarinnar.

Afrit af tilkynningunum skv. 1. og 2. mgr. skulu send Umhverfis- og orkustofnun.

7. gr.

Tilkynningarskylda eftir söfnun.

Þegar söfnun hefur farið fram skal ábyrgðaraðili sjá til þess að sýni af þeim erfðaauðlindum sjávar sem safnað var verði afhent til varðveislu á opinberu gagna- eða sýnasafni án endurgjalds. Ef stafrænar raðupplýsingar eru unnar úr erfðaauðlindum sjávar sem safnað var skal ábyrgðaraðili söfnunar einnig sjá til þess að þær séu skráðar í gagnagrunn sem uppfyllir skilyrði 2. og 3. mgr. 9. gr. Afhending sýna og skráning stafrænna raðupplýsinga, eftir því sem við á, skal eiga sér stað eins fljótt og auðið er og eigi síðar en einu ári eftir að söfnun lýkur.

Ábyrgðaraðili söfnunar skal, eins fljótt og upplýsingar eru tiltækar og eigi síðar en einu ári eftir að söfnun lauk, tilkynna eftirfarandi upplýsingar til upplýsingamiðlunarkerfisins ásamt stöðluðu BBNJ-lotuauðkenni:

- a. opinbera gagna- eða sýnasafnið eða gagnagrunninn þar sem stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar eru eða verða skráðar,
- b. hvar allar erfðaauðlindir sjávar, sem safnað var, eru eða verða varðveittar eða geymdar skv. 1. mgr.,
- c. skýrslu sem tilgreinir landfræðilegt svæði þar sem erfðaauðlindum sjávar var safnað, þ.m.t. á hvaða breiddargráðu, lengdargráðu og dýpi söfnunin fór fram, og niðurstöður þeirrar starfsemi sem fór fram, að því marki sem þær liggja fyrir,

- d. allar nauðsynlegar uppfærslur á gagnastjórnunaráætlun skv. j-lið 6. gr.
Afrit af tilkynningu skv. 2. mgr. skal sent Umhverfis- og orkustofnun.

8. gr.

Nýting erfðaauðlinda sjávar.

Þegar nýting erfðaauðlinda sjávar sem safnað var á svæðum utan lögsögu ríkja eða stafrænna raðupplýsinga um slíkar erfðaauðlindir fer fram skal ábyrgðaraðili nýtingar, eigi síðar en þremur árum eftir að nýting hefst, tryggja að:

- sýni af erfðaauðlindum sem nýtingin nær til séu varðveitt á gagna- eða sýnasafni sem er aðgengilegt almenningi og uppfyllir skilyrði 9. gr., ásamt stöðluðu BBNJ-lotuauðkenni þar sem það liggur fyrir,
- stafrænar raðupplýsingar sem nýtingin nær til séu skráðar í gagnagrunn sem er almenningi aðgengilegur og uppfyllir skilyrði 9. gr., ásamt stöðluðu BBNJ-lotuauðkenni þar sem það liggur fyrir.

Þegar nýting skv. 1. mgr. leiðir til afraksturs skal ábyrgðaraðili nýtingar skrá eftirfarandi upplýsingar hjá Umhverfis- og orkustofnun:

- hvar afrakstur nýtingarinnar er að finna, svo sem útgefið efni, veitt einkaleyfi og vörur sem þróaðar hafa verið,
- þar sem það á við, upplýsingar um fyrri tilkynningu til upplýsingakerfisins eftir söfnun á þeim erfðaauðlindum sjávar sem nýtingin tekur til,
- hvar upprunalega erfðaeefnið eða sýnið sem nýtingin byggist á er varðveitt,
- fyrirhugað fyrirkomulag á aðgangi að erfðaauðlindum sjávar og stafrænum raðupplýsingum um erfðaauðlindir sjávar sem verið er að nýta og gagnastjórnunaráætlun fyrir það,
- upplýsingar um sölu á vöru og aðrar tengdar upplýsingar, að því marki sem þær liggja fyrir, stafrænar raðupplýsingar ásamt stöðluðu BBNJ-lotuauðkenni, ef slíkar upplýsingar eru tiltækar og það er framkvæmanlegt og ekki óhóflega kostnaðarsamt að skrá þær.

Umhverfis- og orkustofnun skal senda tilkynningu til upplýsingamiðlunarkerfisins um nýtingu sem skráð hefur verið hjá stofnuninni í samræmi við ákvæði þessarar greinar, með fyrirvara um skyldur til að virða takmarkanir sem lög og stjórnsýslufyrirmæli svo og viðteknar lagavenjur setja um iðnaðar- og viðskiptaleynd, þ.m.t. hugverkarétt.

Ráðherra sem fer með málefni rannsóknar og skráningar upplýsinga um náttúru hafsins og hafsbotsins er heimilt að setja í reglugerð nánari kröfur um afhendingu sýna og stafrænna raðupplýsinga skv. 1. mgr. og skráningarskyldu skv. 2. mgr. Reglugerð skv. 1. málsl. skal sett að höfðu samráði við ráðherra sem fer með utanríkismál.

9. gr.

Gagna- eða sýnasöfn og gagnagrunnar.

Gagna- eða sýnasöfn, þ.m.t. opinber gagna- eða sýnasöfn, skulu tryggja að erfðaauðlindir sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja séu:

- auðkenndar sem upprunnar frá svæðum utan lögsögu ríkja,
- skráðar í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar starfsvenjur,
- merktar með stöðluðu BBNJ-lotuauðkenni, þar sem það liggur fyrir.

Gagnagrunnar skulu tryggja að stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja séu:

- auðkenndar sem upprunnar frá svæðum utan lögsögu ríkja,
- skráðar í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar starfsvenjur,
- merktar með stöðluðu BBNJ-lotuauðkenni þar sem það liggur fyrir.

Gagna- eða sýnasöfn og gagnagrunnar skulu veita aðgang að sýnum af erfðaauðlindum sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja og stafrænum raðupplýsingum, eftir því sem við á, um slíkar erfðaauðlindir. Heimilt er að binda veitingu aðgangs við eftirfarandi skilyrði:

- a. nauðsynleg skilyrði til að tryggja efnislegan heilleika erfðaauðlindanna,
- b. eðlilegt gjald vegna kostnaðar við viðhald gagna- eða sýnasafnsins eða gagnagrunnsins,
- c. eðlilegt gjald vegna kostnaðar við meðferð aðgangsbeiðna.

Gagna- eða sýnasöfn á Íslandi, þ.m.t. opinber gagna- eða sýnasöfn, og gagnagrunnar sem hýstir eru á Íslandi eða lúta íslenskri lögsögu skulu á tveggja ára fresti skila Umhverfis- og orkustofnun skýrslu sem tekur til eftirfarandi upplýsinga fyrir það tímabil:

- a. hversu oft aðgangur hefur verið veittur að sýnum af erfðaauðlindum sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja, að því marki sem unnt er,
- b. hversu oft stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja hafa verið skoðaðar eða sóttar.

Umhverfis- og orkustofnun skal gera skýrslur sem skilað er til hennar skv. 4. mgr. aðgengilegar nefndinni um aðgang og deilingu ávinnings.

Ráðherra sem fer með málefni rannsókna og skráningar upplýsinga um náttúru hafsins og hafsbotnsins er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um:

- a. fyrirkomulag auðkenningar, skráningar og merkingar skv. 1. og 2. mgr.,
- b. skilyrði fyrir veitingu aðgangs og meðferð aðgangsbeiðna skv. 3. mgr.,
- c. gjaldskrá opinberra gagna- eða sýnasafna og gagnagrunna þeirra vegna veitingar aðgangs og meðferðar aðgangsbeiðna skv. 3. mgr.,
- d. skýrslugerð og skýrsluskil skv. 4. mgr., þ.m.t. form og efni.

10. gr.

Ákvarðanir ráðstefnu samningsaðilanna um deilingu peningalegs ávinnings af nýtingu.

Ráðherra sem fer með málefni rannsókna og skráningar upplýsinga um náttúru hafsins og hafsbotnsins er heimilt að setja reglugerðir um framkvæmd ákvarðana ráðstefnu samningsaðilanna um deilingu peningalegs ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda sjávar, og stafræna raðupplýsinga um erfðaauðlindir sjávar, á svæðum utan lögsögu ríkja. Reglugerðir skv. 1. málsl. skulu settar að höfðu samráði við ráðherra sem fer með utanríkismál.

III. KAFLI

Svæðisbundin stjórnunarúrræði.

11. gr.

Framkvæmd svæðisbundinna stjórnunarúrræða.

Ráðherra sem fer með málefni hafréttar og hafsins á alþjóðavettvangi er heimilt að setja reglugerðir til að framfylgja ákvörðunum ráðstefnu samningsaðilanna um svæðisbundin stjórnunarúrræði. Reglugerð getur kveðið á um bann við allri starfsemi og mengun, sem og um skilyrði fyrir starfsemi á viðkomandi svæði og nýtingu auðlinda þess.

Að því leyti sem svæðisbundið stjórnunarúrræði snýr að fiskveiðum skal því framfylgt í samræmi við lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Reglugerðir sem mælt er fyrir um í þessari grein skulu settar að höfðu samráði við ráðherra sem fara með málefni löggæslu, samgangna, sjávarútvegs og umhverfis- og orkumál.

IV. KAFLI

Mat á umhverfisáhrifum.

12. gr.

Skilgreining á framkvæmdaraðila og leyfisveitanda.

Framkvæmdaraðili samkvæmt þessum kafla er sá einstaklingur eða lögaðili sem hyggst hefja framkvæmd eða starfsemi sem fellur undir þennan kafla.

Leyfisveitandi samkvæmt þessum kafla er það stjórnvald sem lögum samkvæmt veitir leyfi fyrir starfsemi eða annast reglubundið eftirlit eða eftirfylgni með henni. Þar sem lög og reglugerðir kveða ekki á um leyfisveitanda með tiltekinni starfsemi skal ráðherra sem viðkomandi málefni heyrir undir gegna hlutverki leyfisveitanda.

13. gr.

Starfsemi háð mati á umhverfisáhrifum.

Ef áhrif fyrirhugaðrar starfsemi á umhverfi hafsins kunna að verða meiri en einungis minni háttar eða skammvinn eða áhrif starfseminnar eru óþekkt eða torskilin skal Skipulagsstofnun taka ákvörðun um matsskyldu skv. 14. gr.

Fyrirhuguð starfsemi er matsskyld ef gildar ástæður eru til að ætla að hún kunni að valda umtalsverðri mengun eða verulegum og skaðlegum breytingum á umhverfi hafsins. Fyrirhuguð starfsemi innan íslenskrar mengunarlögsögu er þó einungis matsskyld samkvæmt þessari grein ef líklegt er að slíkra áhrifa verði vart á svæðum utan lögsögu ríkja, í samræmi við 7. mgr. 2. gr.

Ekki er skylda til að taka ákvörðun um matsskyldu skv. 14. gr. eða meta umhverfisáhrif skv. 16. gr. þegar Skipulagsstofnun telur möguleg umhverfisáhrif af fyrirhugaðri starfsemi þegar hafa verið metin í samræmi við kröfur viðeigandi lagagerninga, lagaramma eða alþjóðastofnana, ef a.m.k. annað af eftirfarandi skilyrðum á við:

- a. farið hefur fram mat á umhverfisáhrifum af fyrirhugaðri starfsemi sem telst sambærilegt því sem kveðið er á um í lögum þessum og niðurstöður matsins hafa verið teknar til greina við ákvarðanatöku,
- b. þeim kröfum viðkomandi lagagernings, lagaramma eða alþjóðastofnunar sem hefur verið framfylgt er ætlað að koma í veg fyrir, draga úr eða stýra hugsanlegum umhverfisáhrifum þannig að þau haldist undir viðmiðunarmörkum fyrir mat á umhverfisáhrifum.

Þegar fyrirhuguð starfsemi er undanþegin skyldu um mat á umhverfisáhrifum í samræmi við a-lið 3. mgr. og viðkomandi lagagerningar, lagarammar eða alþjóðastofnanir kveða ekki á um vöktun og endurskoðun skal leyfisveitandi tryggja að slík vöktun og eftirlit fari fram í samræmi við ákvæði laga þessara.

Skipulagsstofnun og leyfisveitendur skulu tryggja að skýrslur um mat á umhverfisáhrifum, sem og vöktunar- og eftirlitsskýrslur, verði gerðar opinberar, þar á meðal í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.

14. gr.

Ákvörðun um matsskyldu.

Framkvæmdaraðili skal útbúa greinargerð um fyrirhugaða starfsemi og óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort fyrirhuguð starfsemi sé matsskyld samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð skv. 1. mgr. skal að lágmarki innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a. lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi, þar á meðal tilgangi hennar, staðsetningu, tímalengd og umfangi,
- b. frumgreiningu á hugsanlegum áhrifum starfseminnar, þar á meðal samlegðaráhrifum og, eftir atvikum, valkostum við fyrirhugaða starfsemi.

Skipulagsstofnun skal innan þess tíma sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. a-lið 1. mgr. 22. gr., taka ákvörðun um það hvort skylt sé að meta umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðrar starfsemi. Við ákvarðanatöku skal Skipulagsstofnun taka mið af greinargerð framkvæmdaraðila auk eftirfarandi:

- a. eðli starfseminnar, tæknilegri útfærslu og framkvæmdarháttum,
- b. tímalengd starfseminnar,
- c. staðsetningu starfseminnar,
- d. einkennum og vistkerfi þess svæðis sem starfsemin á að fara fram á, þar á meðal svæða sem hafa sérstaka vistfræðilega eða líffræðilega þýðingu eða eru sérstaklega viðkvæm,
- e. hugsanlegum áhrifum starfseminnar, þar á meðal samlegðaráhrifum og hugsanlegum áhrifum á svæði innan lögsögu ríkja,
- f. að hve miklu leyti áhrif starfseminnar eru óþekkt eða hvort fyrirbyggjandi upplýsingar eru ófullnægjandi,
- g. öðrum vistfræðilegum eða líffræðilegum þáttum sem viðeigandi þykir að taka mið af við ákvarðanatöku.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. skal birt opinberlega, þar á meðal í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.

Berist athugasemdir frá aðila samningsins undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja um áhyggjur þess ríkis af hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi skulu Skipulagsstofnun og leyfisveitandi taka tillit til þeirra. Hið sama á við ef tilmæli berast frá vísinda- og tækninefndinni.

Með hliðsjón af athugasemdum eða tilmælum skv. 5. mgr. er Skipulagsstofnun heimilt að taka ákvörðun skv. 3. mgr. til endurskoðunar ef a.m.k. annað af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a. athugasemdir eða tilmæli bárust innan 40 daga frá birtingu ákvörðunar skv. 4. mgr.,
- b. leyfisveitandi óskar endurskoðunar hafi ákvörðun um leyfisveitingu ekki enn verið tekin.

15. gr.

Matsáætlun.

Í kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu fyrirhugaðrar starfsemi skv. 14. gr. skal framkvæmdaraðili senda stofnuninni matsáætlun. Í henni skal tilgreina hvaða þættir verða teknir til skoðunar og hvernig matinu verður háttað. Matsáætlun skal byggð á bestu fáanlegu vísindum og vísindaupplýsingum og, eftir því sem við á, viðeigandi hefðbundinni þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga, sé slík þekking fyrir hendi.

Skipulagsstofnun skal gefa út álit um matsáætlun. Áður skal Skipulagsstofnun leita umsagnar viðeigandi umsagnaraðila hverju sinni, svo sem leyfisveitanda, og tryggja nauðsynlegt samráð við hlutaðeigandi ríki, hagsmunaaðila og viðeigandi stofnanir við gerð álitsins sem og sjá til þess að matsáætlun og álit verði gerð opinber.

16. gr.

Mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili skal meta umhverfisáhrif í samræmi við matsáætlun skv. 15. gr., álit Skipulagsstofnunar og ákvæði þessa kafla.

Matið skal byggja á bestu fánlegu vísindum og vísindaupplýsingum og, eftir því sem við á, viðeigandi hefðbundinni þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga, sé slík þekking fyrir hendi.

17. gr.

Umhverfismatsskýrsla.

Framkvæmdaraðili skal vinna umhverfismatsskýrslu. Skýrslan skal að lágmarki innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a. lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og staðsetningu hennar,
- b. lýsingu á matsáætlun skv. 15. gr. og álit Skipulagsstofnunar,
- c. mat á núverandi ástandi á umhverfi hafsins sem gæti orðið fyrir áhrifum af starfseminni,
- d. lýsingu og mat á hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi, þ.m.t. samlegðaráhrifum og hugsanlegum áhrifum á svæði innan lögsögu ríkja,
- e. lýsingu og mat á hugsanlegum mótvægisáðgerðum,
- f. lýsingu á raunhæfum valkostum og hvernig þeir hafa verið metnir,
- g. lýsingu á óvissu og skorti á þekkingu,
- h. upplýsingar um samráðsferli við almenning og aðra hagsmunaaðila,
- i. lýsingu á ráðstöfunum til eftirfylgni, þ.m.t. umhverfisstjórnunaráætlun,
- j. samantekt á auðskildu máli.

Drög að umhverfismatsskýrslu skulu send Skipulagsstofnun sem sér um birtingu og samráð við viðkomandi ríki og hagsmunaaðila í samræmi við reglugerð skv. d-lið 1. mgr. 22. gr.

Skipulagsstofnun er heimilt að hafna því að taka drög að umhverfismatsskýrslu til kynningar í þeim tilvikum sem hún uppfyllir ekki skilyrði þessara laga. Skipulagsstofnun skal þá leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu hennar.

Skipulagsstofnun er heimilt að leggja fyrir framkvæmdaraðila að uppfæra umhverfismatsskýrsluna eða framkvæma viðbótarmat eftir því sem þörf krefur.

Skipulagsstofnun skal gefa rökstutt álit sitt um mat á umhverfisáhrifum starfseminnar, byggt á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, framkomnum umsögnum og, eftir því sem við á, öðrum fyrirbyggjandi gögnum sem varða mat á umhverfisáhrifum starfseminnar. Í álitinu skal fjalla um forsendur, aðferðir og ályktanir um mat á umhverfisáhrifum starfseminnar í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila. Þá skal þar koma fram rökstudd niðurstaða stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum starfseminnar og, eftir því sem við á, skilyrði um mótvægisáðgerðir og vöktun sem beint er til leyfisveitanda.

Skipulagsstofnun skal tryggja að framkvæmdaraðili taki efnislegar athugasemdir sem berast á samráðstíma til tilhlýðilegrar athugunar, sér í lagi athugasemdir varðandi möguleg áhrif innan lögsögu ríkja og, þar sem við á, tryggja að slíkum athugasemdum sé svarað skriflega, m.a. varðandi frekari mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum.

Umhverfismatsskýrslu, álit Skipulagsstofnunar og önnur gögn er varða matið á umhverfisáhrifum, þar á meðal athugasemdir og svör við athugasemdum, skal birta opinberlega, þar á meðal í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.

18. gr.

Úrvinnsla og ákvörðun.

Við ákvörðun um leyfi fyrir starfsemi skal leyfisveitandi kynna sér umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila og leggja álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat hennar til grundvallar.

Leyfisveitandi má einungis veita leyfi fyrir fyrirhugaðri starfsemi ef gripið hefur verið til allra raunhæfra ráðstafana til að tryggja að starfsemin fari ekki fram með þeim hætti að hún valdi umtalsverðum neikvæðum áhrifum á umhverfi hafsins.

Í ákvörðun skal tilgreina með skýrum hætti allar þær skyldubundnu mótvægisáðgerðir, sem og skilyrði um vöktun, eftirlit og aðrar viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við hugsanlegum skaðlegum áhrifum á umhverfi hafsins, sem eru forsenda leyfisveitingar.

Leyfisveitandi skal gera opinber öll skjöl sem varða ákvarðanatöku samkvæmt þessari grein, þar á meðal í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.

19. gr.

Vöktun og skýrslugjöf um áhrif af leyfðri starfsemi.

Framkvæmdaraðili skal vakta áhrif af leyfðri starfsemi í þeim tilgangi að meta hvort líklegt sé að starfsemin valdi mengun eða hafi skaðleg áhrif á umhverfi hafsins. Vöktun skal ná til umhverfisáhrifa og eftir atvikum annarra tengdra áhrifa, þar á meðal efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra áhrifa og áhrifa á heilsu manna.

Vöktun skal byggjast á bestu fyrirliggjandi vísindum og vísindaupplýsingum og, þar sem hún liggur fyrir, viðeigandi hefðbundinni þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga.

Framkvæmdaraðili skal reglulega skila vöktunarskýrslum sem lýsa áhrifum starfseminnar og niðurstöðum vöktunar. Skýrslurnar skulu sendar leyfisveitanda og gerðar opinberar, m.a. í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.

Ef framkvæmdaraðili verður, með vöktun eða öðrum hætti, var við umtalsverð neikvæð áhrif sem annaðhvort voru ekki fyrir séð í mati á umhverfisáhrifum eða stafa af broti gegn skilyrðum leyfisveitingar, skal hann tilkynna leyfisveitanda um þau áhrif án tafar.

20. gr.

Endurskoðun á leyfðri starfsemi og áhrifum af henni.

Ef leyfisveitandi verður var við eða er upplýstur um umtalsverð skaðleg áhrif af leyfðri starfsemi sem annaðhvort voru ekki fyrir séð í mati á umhverfisáhrifum eða stafa af því að framkvæmdaraðili hefur ekki farið að skilyrðum leyfisveitingar, skal hann:

- endurskoða leyfisveitingu,
- tilkynna öðrum ríkjum sem kunna að verða fyrir áhrifunum, sem og almenningi, um stöðu mála, m.a. í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið,
- grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir, draga úr og stýra áhrifum eða, ef nauðsyn krefur, stöðva starfsemina,
- meta árangur og áhrif ráðstafana sem gripið er til skv. c-lið innan hæfilegs tíma.

Meðan á endurskoðun stendur skal leyfisveitandi tryggja að:

- almenningur og hagsmunaaðilar séu upplýstir um málið og fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri,
- haldnir séu viðeigandi samráðsfundir við önnur ríki sem málið varðar,
- ástæður ákvörðunar um endurskoðun eða afturköllun leyfis verði gerðar opinberar auk þeirra gagna sem ákvörðun byggist á.

21. gr.

Kostnaður og aðrar skyldur framkvæmdaraðila.

Framkvæmdaraðili skal bera allan þann kostnað sem hlýst af undirbúningi og gerð mats á umhverfisáhrifum, þ.m.t. kostnað af málsmeðferð Skipulagsstofnunar, vöktun og eftirliti samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ráðherra sem fer með málefni umhverfismats framkvæmda og áætlana setur, að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar, gjaldskrá vegna kostnaðar stofnunarinnar við framkvæmd ákvæða þessa kafla.

Skipulagsstofnun og leyfisveitandi geta krafist þess að framkvæmdaraðili þýði viðeigandi gögn og geri þau aðgengileg almenningi með öðrum hætti, m.a. með birtingu á vef stjórnvalda eða gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.

22. gr.

Reglugerðarheimild vegna mats á umhverfisáhrifum.

Ráðherra sem fer með málefni umhverfismats framkvæmda og áætlana skal setja í reglugerð nánari skilyrði um:

- a. viðmið fyrir hvenær starfsemi er háð mati á umhverfisáhrifum skv. 13. gr.,
- b. ákvörðun um matsskyldu skv. 14. gr., þar á meðal tímafresti, málsmeðferðarreglur og endurskoðun ákvarðana,
- c. inntak matsáætlunar skv. 15. gr., þar á meðal viðmið sem hún skal byggjast á,
- d. framkvæmd mats á umhverfisáhrifum skv. 16. gr., þar á meðal viðmið sem það skal byggjast á, og gerð umhverfismatsskýrslu skv. 17. gr.,
- e. leyfisveitingu fyrir starfsemi sem er matsskyld skv. 13. gr., þar á meðal skilgreining á leyfisveitanda skv. 12. gr. og málsmeðferðarreglur,
- f. alþjóðlegt samráð Skipulagsstofnunar um matsskylduákvörðun og mat á umhverfisáhrifum, í samræmi við samninginn undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, skv. 17. gr.,
- g. alþjóðlega upplýsingagjöf og samráð leyfisveitanda um leyfisveitingu sem og vöktun og eftirlit með leyfðri starfsemi, í samræmi við samninginn undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, skv. 18.–20. gr.

Reglugerðir sem mælt er fyrir um í þessari grein skulu settar að höfðu samráði við ráðherra sem fer með utanríkismál.

23. gr.

Ágreiningur um framkvæmd ákvæða IV. kafla.

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 14. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Aðrar ákvarðanir sem leyfisveitandi tekur sæta kæru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem ákvörðunin byggist á.

Þar sem ráðherra viðkomandi málaflokks er leyfisveitandi er ákvörðun um leyfisveitingu endanleg á stjórnýrslustigi.

V. KAFLI

Viðurlög.

24. gr.

Úrbætur.

Viðkomandi stjórnvald getur krafist þess með fyrirmælum að aðili geri nauðsynlegar úrbætur vegna brota á lögum þessum eða ákvörðunum sem teknar hafa verið á grundvelli þeirra, eða stöðvi ólöglega starfsemi innan hæfilegs frests.

25. gr.

Dagsektir.

Heimilt er viðkomandi stjórnvaldi að leggja á dagsektir eftir að frestur til úrbóta skv. 24. gr. rennur út. Þær má einnig ákveða fyrir fram og láta falla í gjalddaga við upphaf brots. Dagsektir eru lagðar á þar til brotið er leiðrétt eða lagðar á fyrir sérhvert brot.

Dagsektir eru ekki felldar niður ef framkvæmd úrbóta er ómöguleg af ástæðum sem rekja má til aðilans sem um ræðir.

Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 1.000.000 kr. fyrir hvern dag. Við ákvörðun um fjárhæð dagsektar skal tekið tillit til eðlis þess athæfis eða vanrækslu sem bæta þarf úr og fjárhagslegs styrks viðkomandi aðila.

Ákvarðanir stjórnvalds um dagsektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan 30 daga frá ákvörðun viðkomandi stjórnvalds skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu. Óinnheimtar dagsektir sem lagðar eru á fram að efndadegi falla ekki niður þótt aðili efni síðar viðkomandi kröfu nema stjórnvald ákveði það sérstaklega. Dagsektir skulu renna í rikissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu.

Stjórnvaldi er heimilt að fella niður álagðar dagsektir. Slík ákvörðun telst ekki stjórnvalds-ákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga.

26. gr.

Stjórnvaldssektir.

Umhverfis- og orkustofnun getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirfarandi ákvæðum þessara laga eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim:

1. Tilkynningarskyldu vegna fyrirhugaðrar söfnunar, sbr. 6. gr.
2. Tilkynningarskyldu eftir söfnun, sbr. 7. gr.
3. Skyldu til að skrá nýtingu erfðaauðlinda sjávar, sbr. 8. gr.
4. Skyldum gagna- eða sýnasafna og gagnagrunna um meðferð erfðaauðlinda og stafrænna raðupplýsinga, og aðgang að þeim, sbr. 9. gr.

Þar til bært stjórnvald getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn reglugerð sem sett er með stoð í 11. gr.

Skipulagsstofnun getur lagt stjórnvaldssektir á framkvæmdaraðila sem hefur hafið starfsemi án þess að skila greinargerð til Skipulagsstofnunar og óska eftir ákvörðun um matskyldu, sbr. 14. gr. Skipulagsstofnun getur einnig lagt stjórnvaldssektir á framkvæmdaraðila ef hann veitir stofnuninni rangar upplýsingar um starfsemi eða umhverfisáhrif hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 14. gr., 15. gr. og 17. gr.

Sé ráðherra viðkomandi málaflokks leyfisveitandi skv. 12. gr. getur hann lagt stjórnvaldssektir á framkvæmdaraðila sem brýtur gegn skilyrðum leyfisveitingar, sbr. 18. gr., eða gegn ákvæðum um vöktun og skýrslugjöf af leyfðri starfsemi, sbr. 19. gr.

Stjórnvaldssektir geta numið frá 100.000 kr. til 25.000.000 kr.

Stjórnsvaldssektum skal beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Ráðherra sem fer með utanríkismál er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um álagningu stjórnsvaldssektar samkvæmt þessari grein. Þar undir fellur skilgreining á ábyrgu stjórnsvaldi skv. 2. mgr. og fjárhæð sekta fyrir brot á einstökum ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim, innan þess ramma sem ákveðinn er í 5. mgr. Reglugerð sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein skal sett að höfðu samráði við ráðherra sem fara með málefni löggæslu, samgangna, sjávarútvegs og umhverfis- og orkumál.

27. gr.

Málsmeðferðarreglur stjórnsvaldssektar.

Við ákvörðun stjórnsvaldssektar skal hafa hliðsjón af alvarleika brots og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brot hafi verið framið í þágu hagsmuna aðilans sem framdi það. Loks ber að líta til fjárhagslegs styrks aðila máls.

Gjalddagi stjórnsvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina er tekin. Hafi stjórnsvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Ákvörðun um stjórnsvaldssekt er aðfararhæf og skulu stjórnsvaldssektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

Aðili máls getur skotið ákvörðun um stjórnsvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrír mánuðir frá því að ákvörðun er tekin. Málskot frestar aðför.

Heimildir til að leggja á stjórnsvaldssektir samkvæmt lögum þessum falla niður þegar fimm ár eru liðin frá því að brot átti sér stað. Tilkynning til málsaðila um rannsókn á meintu broti rýfur frestinn gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

Ráðherra sem fer með utanríkismál er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um málsmeðferðarreglur stjórnsvaldssektar samkvæmt þessari grein. Reglugerð sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein skal sett að höfðu samráði við ráðherra sem fara með málefni löggæslu, samgangna, sjávarútvegs og umhverfis- og orkumál.

28. gr.

Refsing.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta af ásetningi eða gáleysi gegn ákvæðum 6., 7., 8., 13., 14., 16., 17. eða 19. gr. eða gegn reglugerðum sem settar eru með stoð í 8., 10., 11. og 22. gr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sama á við um brot gegn ákvörðunum stjórnsvalda sem teknar eru á grundvelli fyrrnefndra ákvæða. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að fjórum árum.

Við mat á alvarleika brots skal einkum litið til eftirfarandi þátta:

- a. hvort brotið hafi valdið eða stefnt að umtalsverðu tjóni á líffræðilegri fjölbreytni eða vistkerfum,
- b. hvort um óafturkræft tjón sé að ræða,
- c. hversu vítavert athæfið var og hvort viðkomandi hafi gripið til aðgerða til varúðar eða úrbóta.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

29. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 17. janúar 2026.

30. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021: Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef líklegt þykir að framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á hafi utan lögsögu ríkja skulu ákvæði laga um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins utan lögsögu ríkja er lúta að birtingu upplýsinga í upplýsingamiðlunarkerfi gilda.

Gjört á Bessastöðum, 13. desember 2025.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.